

Nr. 17-118 S 087 Joanna**Strandaði og sökk**

Skipaskr.nr. Óskráður
Framleiðandi: Óþekkt
Tegund: Óþekkt
Mesta lengd: 5,5 m
Breidd: Óþekkt Dýpt: Óþekkt
Vél: Utanborðsmótor, Mercury, 150 hö.
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Lögregluskýsla
Gögn RNSA


Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. ágúst 2017 voru skipverjar á skemmtibátnum Joanna við veiðar út af Vogastapa. Veður: NV gola og nokkur sjór við ströndina.

Joanna fór frá Vogum og sigldi á svæði austan við Vogastapa. Skipverjar höfðu drepnið á utanborðsmótor bátsins og voru við veiðar en þegar gangsetja átti utanborðsmótorinn fór hann ekki í gang og bátinn rak upp í fjöru (sjá mynd 1).



Mynd 1 Ferill og strandstaður Joanna

Kl. 20:51 kom aðvörun (*Timeage out*) í ferilvöktunarkerfi Vaktstöðvar siglinga um að báturinn væri hættur að senda merki í AIS kerfinu. Reynt var að kalla í hann en án árangurs og voru björgunaraðilar kallaðir út.

Kl. 21:25 fannst báturinn strandaður (*sjá mynd 2*) og voru mennirnir um borð ómeiddir en kaldir. Þeir voru sendir með þyrlu á sjúkrahús og kl. 23:15 var ljóst að ekkert var hægt að gera fyrir bátinn og sökk hann á staðnum.



Mynd 2 Joanna á strandstað

Við rannsókn kom fram:

- að báðir bátsverjar voru undir áhrifum áfengis.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.